

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F107/2022

Reykjavík, 10. janúar 2022

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Í fréttum síðustu daga hefur verið fjallað um þær breytingar sem gerðar voru á reglugerð nr. 1240/2021, um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, með reglugerð nr. 3/2022 sem sett var 7. janúar sl. og tók gildi þegar í stað. Í fyrrgreindri reglugerð, eins og henni hefur nú verið breytt, er mælt fyrir um það í 2. mgr. 4. gr. að þeir sem bólusettir eru gegn Covid-19 með þremur skömmtum af bóluefni sem gefnir voru a.m.k. 14 dögum fyrir útsetningu smits beri ekki að viðhafa fullan aðskilnað á meðan sóttkví þeirra stendur. Svo sem nánar er mælt fyrir í nýrri 5. gr. a. reglugerðarinnar geta þrúbólusettir einstaklingar í sóttkví nú meðal annars sótt vinnu, aflað matvöru og lyfja og notað almenningssamgöngur. Breytingin felur því í sér að umtalsverða rýmkun á þeim takmörkunum sem fólk í sóttkví samkvæmt reglugerðinni sætir að öðrum kosti.


Í upplýsingum um bólusetningar hefur komið fram að bólusetning með bóluefni Janssen fari fram með einum skammti bóluefnis í samræmi við markaðsleyfi þess í stað tveggja, eins og háttar til um önnur bóluefni sem notast er við hérlendis. Samkvæmt orðalagi reglugerðar nr. 3/2022 virðast þeir, sem upphaflega voru bólusettir með bóluefni Janssen og þegið hafa einn örvunarskammt, þó ekki falla undir framangreinda rýmkun á reglum um sóttkví.

Með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, með síðari breytingum, er þess hér með óskað að embættinu verði veittar upplýsingar, eftir atvikum með atbeina sóttvarnarlæknis, um hvort til hafi staðið að gera þann greinarmun á framkvæmd sóttkvíar bólusettra einstaklinga sem að framan er lýst og þá hvaða gögn eða aðrar upplýsingar hafi legið til grundvallar mati heilbrigðisráðherra. Eru þá einkum hafðar í huga grunnreglur íslensks réttar um jafnræði og meðalhóf og þær kröfur sem gera verður á þeim grundvelli til setningar stjórnvaldsfyrirmæla með heimild í sóttvarnarlögum nr. 19/1997, eins og þeim lögum hefur síðar verið breytt.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Að fengnum svörum ráðuneytisins verður tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til að taka málið til nánari athugunar á grundvelli heimilda umboðsmanns samkvæmt lögum nr. 85/1997. Í ljósi eðlis málsins er óskað eftir því að skýringar ráðuneytisins berist embættinu eigi síðar en 18. janúar nk.

Virðingarfyllt,



Skúli Magnússon